

Erindi á Lagarlífi 28. október 2021

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Glæra 1.

Fundarstjóri, ráðherra aðrir fundarmenn,

Það er nokkuð stórt viðfangsefni að fjalla um áhrif heillar atvinnugreinar á samfélag og byggðapróun. Titill erindisins var ákveðinn fyrir tveimur árum þegar ég var fyrst beðin að flytja erindi á ráðstefnu sem halda átti í mars 2020. Þau áhrif sem ég hafði þá í huga að fjalla um voru satt að segja nokkuð önnur en þau sem ég mun fjalla um í dag. Atvinnugreinin fiskeldi hefur á þessu tímabili verið á fleygiferð. Þróunin er ör og áhrifin má sjá víða í þjóðfélaginu öllu og í okkar litlu samfélögum fyrir vestan eru áhrifin áþreifanleg á mjög mörgum sviðum.

Glæra 2

Samfélagsleg áhrif af uppbyggingu fiskeldis hafa lítið verið rannsökuð á landsvísu en við hjá Vestfjarðastofu höfum fylgst mjög grant með þróun mála vegna mikilvægis þess að vel takist til við uppbyggingu atvinnugreinarinnar á Vestfjörðum. Forverar Vestfjarðastofu Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða létu vinnu greiningar á áhrifum fiskeldis á efnahag og samfélög allt frá árinu 2014. Ég mun því í dag beina sjónum að Vestfjörðum og þeim áhrifum sem fiskeldið hefur nú þegar haft og þeim áhrifum sem það gæti haft til framtíðar.

Í september síðastliðnum gaf Íslenski Sjávarklasinn út skýrsluna Framtíð fiskeldis á Íslandi og þar kemur meðal annars fram að frumundan sé skeið sjálfbærs vaxtar í fiskeldi þar sem tækifæri eru til að byggja upp öflug, sjálfbæra og arðbæra matvælaframleiðslu. Til þess að svo megi verða þarf að huga að fleiri þáttum en aðeins arðbærni fyrirtækjanna sem í greininni starfa. Við þurfum sem samfélag, sem þjóðfélag, að gera upp við okkur hvort það er nóg að huga aðeins að sjálfbærni fyrirtækjanna og því að ríkið fái sitt. Við þurfum sem samfélag að huga

að því hvort hugsunin um sjálfbærni nái til alls landsins. Hvort við erum sáttt við að byggðirnar fyrir vestan og austan verði verstöðvar eða hvort við viljum tryggja sjálfbærni þeirra og byggja upp aflstöðvar þekkingar og verðmætasköpunar um allt land. Við þurfum að gera upp við okkur hvort aðeins er hugsað til skammtímagróða eða hvort byggt er á langtímahugsun sjálfbærni alls landsins.

Glæra 3

Ef við skoðum sviðsmyndir þess sem gæti orðið þá getur sviðsmynd skammtímahugsunar birst í að greinin væri byggð upp hratt á þekktri tækni en yfirbygging og stjórnun væri utan svæðisins og sértæk þjónusta öll aðkeypt. Lítið framboð yrði af menntun og þekkingaruppbygging takmörkuð. Innviðaupbygging yrði ekki í takti við þörf. Löggjöfin væri veik og eftirliti væri ábótavant og gæða og umhverfismál ekki forgangsmál. Framtíðarsýn skorti fyrir greinina. Skammtímahugsun getur birst í láglaukastefnu fyrirtækja, í því að þorpin okkar verði verbúðir þar sem vinnuafli dvelur í styttri tíma. Fyrirtækin veldu ódýrustu eða einföldustu leiðina, skammtímalausnir yrðu fundnar þar sem framtíðarsýn væri óljós, tekjustofnar sveitarfélaga óruggir og fyrirsjáanleiki væri ekki til staðar hvorki fyrir fyrirtæki eða sveitarfélög.

Langtímahugsun gæti birst í fiskeldi sem byggt væri í sáttt við umhverfið með bestu fánlegu tækni, lagaramminn væri skýr og leyfisveitingar í tímasettum ferlum sem staðið er við. Hugsunin myndi birtast í fjölbreyttum störfum tengdum fiskeldi í nærsamfélagi fiskeldis þar sem aðrar atvinnugreinar myndu blómstra með fiskeldinu. Grunnrannsóknir og vöktun byggðust upp á svæðunum og unnið væri að fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi lús, sjúkdóma og umhverfisáhrif. Hágæða menntun og þjálfun er aðgengileg, flutningar og flutningaleiðir afurða eru í lagi og innviðir eru samkeppnishæfir. Framtíðarsýn hefði verið mörkuð fyrir atvinnugreinina í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Fyrirsjáanleiki, framtíðarsýn, þekking, gegnsæi, virðing, samráð og traust milli þeirra sem koma að uppbyggingunni, fyrirtækja, sveitarfélaga, ríkis og samfélaganna skipta mestu máli við framtíðaruppbyggingu.

Glæra 4

Eins og ég hef áður nefnt þá skiptir uppbygging fiskeldis miklu máli fyrir samfélagið allt á Vestfjörðum. Engin launung er á því að hér er um að ræða eitt stærsta tækifæri til jákvæðrar þróunar byggðar á svæðinu í áratugi og ef vel tekst til getur þessi atvinnugrein ásamt sjávarútvegi og ferðaþjónustu skotið styrkari stoðum undir atvinnulíf og samfélag. Að auki erum við að sjá umtalsverðar samgönguframkvæmdir á svæðinu. Þessi jákvæða þróun getur ef vel tekst til gerbreytt byggðaðróun á Vestfjörðum. Til að stilla saman strengi allra sem að málum koma hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum sammælt um að gera samfélagssáttmála í fiskeldi á Vestfjörðum. Um er að ræða fyrsta skref sem þau 6 sveitarfélög sem hér eru talin hafa sammælt um og í framhaldinu gert ráð fyrir aðkomu fyrirtækja á svæðinu og ríkisins að verkefninu.

Glæra 5

Leiðarljós samfélagssáttmálans eru að nærsamfélögin njóti ávinnings af fiskeldisuppbyggingu og starfsemi. Að fiskeldi á Vestfjörðum sé stundað í sátt við umhverfi og samfélag og lúti ströngustu umhverfiskröfum, sé vottað og byggi á langtímasýn. Jafnframt að unnið skuli að því að innviðir svæðisins tryggja fyrirtækjum samkeppnishæft umhverfi.

Glæra 6

Sameiginleg markmið allra sem að sáttmálanum koma eru þau að á Vestfjörðum verði um 50 þúsund tonna sjálfbært fiskeldi, að auðlindagjöld renni til sveitarfélaganna og að hratt verði unnið að því að innviðir svæðisins svari kröfum atvinnulífs og samfélags. En hver er þá staðan?

Glæra 7

Uppsöfnuð þörf á innviðaframkvæmdum er svo mikil að frekar en að nefna það innviðahalla má tala um innviðagjá. Það áttak sem nú er í gangi í vegafarmkvæmdum á Vestfjörðum er löngu tímabært og í raun ótrúlegt að á árinu 2021 skulum við enn vera að aka á ónýtum malarvegum á milli Patreksfjarðar og

Reykjavíkur – á stofnvegum. Það stendur til bóta en verður líklega ekki lokið að fullu fyrr en 2024-5.

Samgöngur innan atvinnusvæða á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum eru ekki í takti við kröfur samfélaganna um að geta á öruggan hátt farið óttalaust á milli byggðakjarna til vinnu og leiks. Vetrarþjónusta á vegum, eða öllu heldur skortur á vetrarþjónustu stendur þróun samfélaganna fyrir þrifum.

Ekki er til samantekt um innviðabörf sveitarfélaga á Vestfjörðum en hún blasir við í mikilli þörf fyrir framkvæmdir nánast hvar sem litið er. Skortur á húsnæði stendur framþróun atvinnulífs fyrir þrifum, fráveitumál, uppbygging hafna og viðhald eigna sveitarfélaganna sem lengi hefur setið á hakanum eru nokkur atriði. Auk þess má nefna aðgerðir varðandi förgun sorps og fjölbreytt þróunarverkefni sem ekki hefur verið sinnt vegna fjárskorts.

Glæra 8

Á síðustu fimm árum hefur fasteignaverð hækkað nokkuð á svæðinu umfram hækkun á landsvísu en hafa ber í huga að víða er um að ræða hækkun úr því sem næst engu. Störf í fiskeldi á Vestfjörðum eru nú um 220 og mætti spyrja hvort fólksfjölgun hefði ekki átt að vera meiri. Þar ber að hafa í huga að störf í fiskeldi eru að nokkru leiti að koma í stað fækkunar starfa í sjávarútvegi sem er einkum vegna tæknibreytinga. Hér er um að ræða mestu fjárfestingu í vestfirsku atvinnulífi í áratugi en fjárfestingar í atvinnugreininni eru yfir 20 milljarðar og útflutningsverðmæti eldisafurða frá Vestfjörðum voru 17,5 milljarðar á árinu 2020 og var þar um að ræða 3% af heildarvöruútflutningi Íslands. Þessi tala stefnir í 5% á þessu ári. Eins og nærri má geta eru áhrifin á vestfirskt samfélag gríðarleg og hefur verið haft á orði að svæðið sé nú hætt að sofa.

Glæra 9

Byggðapróun hefur um langt skeið verið óhagstæð á Vestfjörðum og hefur íbúum fækkað um 13,4% frá árinu 2000 á sama tíma og fólki hefur fjölgað um 30,5% á landsvísu. Síðustu fimm ár hefur þróunin hins vegar orðið jákvæðari og íbúum Vestfjarða hefur fjölgað um 4,7% á þessum tíma á móti 9,8% fjölgun á landsvísu. Við þokumst í rétta átt og í nýrri skýrslu sem KPMG vann fyrir Vestfjarðastofu á fyrri hluta ársins er gert ráð fyrir að við fullnýtingu eldisleyfa sem í þessari

greiningu er miðuð við 51 þúsund tonna framleiðslu muni ríflega þúsund manns starfa við fiskeldi á Vestfjörðum með beinum og óbeinum hætti.

Glæra 10

Vestfjarðastofa lét kanna viðhorf íbúa á Vestfjörðum gagnvart fiskeldi. Niðurstöður þeirrar könnunar, sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vann, eru þær að viðhorf íbúa á Vestfjörðum er almennt jákvætt gagnvart fiskeldi og fólk er meðvitað um að meðfram uppbyggingu fiskeldis hefur fasteignaverð hækkað, að fiskeldið styrkir aðrar atvinnugreinar og telur að fjölbreyttari störf séu í boði. Athygli vekur að íbúar með laun yfir 1 milljón á mánuði eru mjög jákvæðir gagnvart eldinu.

Glæra 11

Það voru hins vegar alls ekki eingöngu jákvæðar niðurstöður sem komu fram í viðhorfskönnuninni og mikilvægt er að skoða betur hvers vegna aldurshópurinn 31-45 ára hefur neikvæðari sýn á fiskeldi en aðrir hópar. Athygli vakti einnig að íbúar með laun undir 400 þúsundum á mánuði sjá ekki sömu tækifæri og aðrir tekjuhópar og að blikur eru á lofti varðandi viðhorf á sunnanverðum Vestfjörðum. Þegar horft er til uppbyggingar á hvaða atvinnugrein, ekki síst þeim sem nýta sameiginlegar auðlindir okkar skiptir miklu máli að viðhorf nánasta umhverfis séu greininni hagfelld.

Glæra 12

Umgjörð atvinnugreinarinnar er mótuð með lögum og reglugerðum settum á Alþingi íslendinga, framfylgt af stofnunum og eftirlitsaðilum. Ábyrgð á atvinnugreininni nær yfir nokkur ráðuneyti og of margar stofnanir. Yfirsýn er lítil og enn hefur ekki verið lokið við að móta heildarstefnu fyrir atvinnugreinina þar sem allir hagaðilar koma að borðinu og hafa rödd.

Glæra 13

Í skýrslu KPMG sem áður hefur verið nefnd eru skoðuð áhrif skatta og gjalda til ríkis og sveitarfélaga miðað við framleiðslu á 15 þúsund tonnum, 30 þúsund tonnum og 51 þúsund tonnum. Áætlað skattspor fyrirtækja í fiskeldi á Vestfjörðum þegar framleiðsla er í hámarki er áætluð um 2,2 milljarðar króna sem

skiptast nokkuð jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Í úttekt KPMG er gert ráð fyrir tekjuskatti starfsmanna, tryggingargjaldi, innheimtum gjöldum í Umhverfissjóð sjókvíaeldis og aðflutningsgjöldum sem öll fara til ríkisins. Greiðslur til sveitarfélaga eru útsvar starfsmanna, aflagjald, fasteignagjöld og aðrir skattar. Taka verður fram að þegar skýrsla KPMG var unnin fyrr á árinu var ekki búið að útfæra hvernig framlögum fyrirtækja í fiskeldissjóð yrði háttað og þær greiðslur eru því ekki tilgreindar hér en ég mun fjalla um hann síðar.

Glæra 14

Helstu stofnanir tengdar leyfisveitingum og eftirliti með fiskeldi eru Hafrannsóknarstofnun, Matvælastofnun, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Starfsemi Hafrannsóknarstofnunar hefur dregist nokkuð saman á Vestfjörðum á síðustu árum. Starfssemi Mast hefur lítillega aukist og þeir starfsmenn hafa bein tengsl við fiskeldi. Enginn starfsmaður Umhverfisstofnunar sem annast eftirlit með fiskeldisstarfsemi er staðsettur á Vestfjörðum. Enginn starfsmaður Skipulagsstofnunar er staðsettur á Vestfjörðum.

Er þetta vænlegt til að þekkingaruppbygging verði í nærumhverfi atvinnugreinarinnar?

Glæra 15

Frá árinu 2015 hefur 860 milljónum króna verið úthlutað úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Um 73% þess fjármagns hefur farið til Hafrannsóknarstofnunar en aðeins 4,9% styrkja fer til starfsemi á Vestfjörðum, í nærsamfélagi atvinnugreinarinnar, enn minna fer til Austfjarða þannig að enga áherslu er að merkja er hjá opinberum stofnunum að byggja upp starfsemi í nærumhverfi atvinnugreinarinnar. Eðlilegt er og sjálfsagt að hluti umhverfissjóðs fari til grunnrannsókna sem Hafrannsóknarstofnun stundar – en ætti þá ekki að skilgreina það fjármagn og gera ekki öðrum að sækja í sama sjóð, þar sem í raun er búið að ákveða ráðstöfunina áður en umsóknir koma inn?

Glæra 16

Aflagjaldið byggir á hafnarlögum þar sem lagt er til grundvallar löndun á villtum fiski þar sem afla er landað. Þar koma inn megintekjur til sveitarfélaga af fiskeldi í núverandi löggjöf. Gjaldið endurspeglar ekki hvaðan fiskurinn kemur sem dælt er til slátrunar og gefur því eldissveitarfélaginu engar tekjur. Löggjöfin gerir ekki ráð fyrir slátrun í slátrurömmum sem myndi í raun gera að verkum að ekkert sveitarfélag fengi tekjur af fiskeldi. Engar tekjur eru heldur af notkun auðlindarinnar sem eru firðirnir. Mjög litlar tekjur koma af notkun hafna t.d. vegna þjónustubáta ofl.

Krafan er ekki að auka álögur á atvinnugreinina sem enn er í uppbyggingarfasa heldur að sanngjarn hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna. Að sveitarfélög og svæði séu ekki sett í þá stöðu að berjast um bitlinga heldur séu leikreglurnar gagnsæjar og eðlilegar miðað við þá starfsemi sem raunverulega skapast kringum greinina. Að byggja gjaldtöku á aflagjaldi eru ekki eðlilegar leikreglur miðað við starfsemina.

Glæra 17

Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður sem hefur það hlutverk að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Í lögum um fiskeldissjóð er kveðið á um að hann lúti yfirstjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og fjármál og einn án tilnefningar sem skal vera formaður.

Stjórn sjóðsins á árlega að auglýsa eftir umsókum frá sveitarfélögum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem eru til þess fallin að byggja upp innviði og þjónustu á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Ráðstöfunarfé sjóðsins er fjárveiting hverju sinni af fjárlögum.

Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga sendu inn umsögn þegar frumvarp til laga um fiskeldissjóð og sögðst þar meðal annars (með leyfi fundarstjóra), „vilja ítreka fyrri kröfu um hlutdeild í tekjum hins



opinbera af nýtingu sameiginlegra auðlinda. Það er með öllu óásættanlegt að hluti gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó renni ekki beint til viðkomandi sveitarfélaga heldur fari allt gjaldið í ríkissjóð og sveitarfélög geti síðan sótt um styrki úr fiskeldissjóði. Slík aðferðafræði ýtir undir samkeppni milli sveitarfélaga og gerir þeim ókleift að skipuleggja uppbyggingu innviða til lengri tíma. Sjálfsagt og eðlilegt er að hluti auðlindaarðs renni til viðkomandi sveitarfélaga til uppbyggingar innviða á þeim svæðum sem nýtast við uppbyggingu fiskeldis.“

Glæra 18

Greiðslur í Fiskeldissjóð munu aukast mjög á næstu árum vegna þess að fyrstu árin er afsláttur vegna þróunarfasa greinarinnar sem rennur út fram til 2026. Áætlaðar greiðslur fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum árið 2022 eru um 300 milljónir króna en munu aukast og gætu árið 2026 verið komnar í 1,4 milljarða króna ef framleiðslan fer í 50 þúsund tonn. Samkvæmt lögum á um þriðjungur Fiskeldissjóðs að renna til sveitarfélaganna með úthlutun.

Til að setja tölur í samhengi kemur fram að tekjur A hluta fiskeldissveitarfélaganna sem standa að samfélagssáttmála um fiskeldi á Vestfjörðum voru á síðasta ári 8,3 milljarðar króna og veltufé frá rekstri var 505 milljónir króna. Þetta er það sem sveitarfélögin eiga eftir eins og staðan er til að greiða afborganir af lánum og uppbyggingu.

Sveitarfélögum er gert að sækja um styrki árlega til uppbyggingar innviða sinna. Þeim er gert að keppa við nágrannasveitarfélögin og sveitarfélög á öðrum landsvæðum. Hvernig eiga þau að vinna fjárhagsáætlanir til lengri tíma eða fara í stærri framkvæmdir? Allt við þetta fyrirkomulag er niðurlægjandi fyrir sveitarfélögin. Hvernig má það vera að þriggja manna nefnd ráðherra valinna einstaklinga telst betur til þess fallin að meta hvað gera þarf til að byggja upp innviði sveitarfélaganna en kjörnum fulltrúum þeirra?

Glæra 19

Við erum hér í dag að fjalla um atvinnugrein sem skilaði ríflega 29 milljörðum í útflutningstekjur á síðasta ári og framleiðslan á Vestfjörðum mun við fulla framleiðslu sem heimildir eru fyrir skila um 46 milljörðum í útflutningstekjur. Það er þess vegna dapurlegt að þrátt fyrir að uppbygging fiskeldis sé tiltekin í

stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem setið hefur síðustu fjögur ár hefur ekki verið mótuð heildstæð stefna fyrir atvinnugreinina.

Stuðningur ríkisvaldsins við uppbyggingu atvinnugreinarinnar er í engu samræmi við mikilvægi hennar og þegar borið er saman við stór atvinnutengd verkefni í öðrum landshlutum má spyrja hvort hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. Í lögum um byggðaaáætlun er kveðið á um að meginmarkmið sé að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna líf skjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um lands allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Hvar eru þessi markmið þegar hugað er að umgjörð fyrir þessa atvinnugrein sem skiptir svæðin lengst frá höfuðborgarsvæðinu svona miklu máli?

Í raun er það svo að með núverandi regluverki hefur ríkið sett á sig bæði belti og axlabönd með umtalsverðri gjaldtöku af vaxandi atvinnugrein en skilið sveitarfélögin eftir með alla áhættu af samfélagslegri uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað eigi atvinnugreinin að hafa þau byggðalegu áhrif sem hún hefur alla burði til.

Rétt er að taka fram að hér er ekki farið fram á neina ölmusu eða sértækar aðgerðir. Það er gríðarlega mikilvægt að vel takist til við uppbyggingu þessarar atvinnugreinar og að áhrif hennar á þróun byggðar verði jákvæð. Við erum einfaldlega að tala um að við mótun umgjarðar og regluverks sé horft til sanngirni og þess að hægt sé að byggja sjálfbær samfélög um allt land sem eru aflstöðvar þekkingar landi og þjóð til heilla.

Ég skil ykkur því eftir með þessa spurningu: Er rétt gefið?

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu